

## **61. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. júlí 2005 í Flókalundi og 27. júlí á Breiðafirði.**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

*Fundarritari* : Sigríður E. Elisdóttir.

**Fundur var settur kl. 18:00.**

### **DAGSKRÁ FUNDARINS**

#### **Fundargerð 60. fundar**

Nefndarmenn höfðu lesið fundargerð 60. fundar.

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var samþykkt.

#### **Siglingar að arnarhreiðri**

Lagt var fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Sæferða ehf., dags. 1. júlí 2005 varðandi siglingar að arnarhreiðri. Einnig var lagt fram svarbréf Sæferða, dags. 17. júlí 2005.

Nefndarmenn kynntu sér bæði bréfin.

**Afgreiðsla:** Frekari umræðu var frestað til næsta fundar.

#### **Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði**

Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands er vinna við skýrsluna í farvegi og útlit og yfirlestur hennar á stofnuninni verður í höndum Álfheiðar Ingadóttur. Hún muni þó vera í sumarfrí út júlí.

**Afgreiðsla:** Nefndarmenn vænta þess að fá skýrsluna í hendur fyrir næsta fund.

#### **Kynningarbæklingur um fuglalíf á Breiðafirði**

Lagður var fram samstarfssamningur milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands um gerð kynningarbæklings um fuglalíf á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:** Samningurinn var samþykktur og undirritaður.

### **Önnur mál**

#### **Gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð**

Guðríður sagði frá því að hún hafi haft samband við Auði Sveinsdóttur frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Vegna sameiningar stofnana í Landbúnaðarháskóla Íslands hefur ekki gefist mikill tími til að sinna beiðni Breiðafjarðarnefndar en Auður telur mikinn áhuga vera fyrir því að vinna að og við einstaka verkefni á Breiðafirði.

**Afgreiðsla:** Guðríður tók að sér að safna saman gögnum varðandi skipulagsvinnu fyrir svæðið sem nefndarmenn hafa lagt til að skoða þurfi. Leitast verður við að hafa upplýsingar þessar tilbúnar í skýrsluformi fyrir næsta fund nefndarinnar.

#### **Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar**

Róbert stakk upp á því að tillaga Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar verði rædd við fulltrúa bæjarstjórnar Vesturbyggðar síðar á fundinum.

Fundi frestað kl. 19:30.

#### **Fundur með umhverfisráðherra og fulltrúum bæjarstjórnar Vesturbyggðar**

Kl. 20:00 voru mætt frá Vesturbyggð Guðmundur Sævar Guðjónsson forseti bæjarstjórnar, Kolbrún Pálsdóttir formaður bæjarráðs, Þuríður G. Ingimundardóttir, Sigurður Viggósson, Geir Gestsson og Guðný Sigurðardóttir skrifstofustjóri og starfandi bæjarstjóri.

Breiðafjarðarnefnd fundaði með fulltrúum Vesturbyggðar yfir borðhaldi.

Kl. 21:30 mætti Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og tók þátt í fundarhöldum. Ýmis málefni er varða Breiðafjörð voru rædd og þar á meðal stækkun verndarsvæðisins.

Fundi frestað kl. 22:30.

**27. júlí 2005**

**Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar**

Kl. 09:00 hélt Breiðafjarðarnefnd í vettvangsferð um Breiðafjörð. Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra og eiginmanni hennar, séra Jóni Þorsteinssyni var boðið með í ferðina. Farið var frá Brjánslæk í Sauðeyjar en þar naut ferðafólk leiðsagnar Bjarna S. Hákonarsonar. Frá Sauðeyjum var siglt fyrir Æðarskersboða og í Urðhólma þar sem Hafsteinn Guðmundsson var með leiðsögn. Þaðan var síðan farið í Hergilsey, Oddbjarnarsker og Drápsker, einnig undir leiðsögn Hafsteins.

Daginn áður fóru nefndarmenn í rútuferð út á Siglunes og á Rauðasand undir leiðsögn Þrastar Reynissonar.

Fundi var slitið kl. 19:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.